

Miðvikudaginn 20. júní 1973.

Nr. 99/1973: **Valdstjórnin**

gegn

Óskari Elíasi Héðni Guðmundssyni.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Kærumál. Gæzluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar:

Varnaraðili hefur samkvæmt heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 82/1961 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 16. júní 1973, sem barst dóminum 20. s. m., og krafizt þess, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur, að því er hann varðar.

Með skírskotun til hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann um varnaraðilja.

D ó m s o r ð :

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður, að því er varnaraðilja, Óskars Elíasar Héðin Guðmundsson, varðar.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 16. júní 1973.

Ár 1973, laugardaginn 16. júní, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var í hegningarhúsinu að Skólavörðustíg 9 af Birgi Þormar, kveðinn upp úrskurður þessi.

Aðfaranótt 13. þ. m. var brotízt inn í Háaleitis Apótek og þaðan stolið verulegu magni af lyfjum og lífshættulegum eiturefnum. Rökstuddur grunur leikur á því, að innbrotið hafi verið framið af þeim Einari Sverri Einarssyni, Guðbirni Lárusi Elíssyni, Jóhanni Braga Friðbjarnarsyni og Páli Konráði Konráðssyni. Styðst sá grunur m. a. við framburð nefnds Guðbjörns Lárusar Elíssonar hjá rannsóknarlögreglunni, en hann hefur viðurkennt hlutdeild í innbrotinu.

Jóhann Bragi Friðbjarnarson, fæddur 30. nóvember 1935, og Óskar Elías Héðinn Guðmundsson, fæddur 9. ágúst 1951, voru handteknir um klukkan 1500 í gær. Þeir eru báðir þekktir vanaafbrotamenn.

Rannsókn máls þessa er á frumstigi. Nauðsyn er að útiloka möguleika þeirra á að spilla sakargögnum og hafa áhrif á hugsanlega samseka og vitni. Ber því með tilvísun til 1. tl. 67. gr. laga nr. 82/1961 að úrskurða, að þeir skuli sæta gæzluvarðhaldi, enda eru skilyrði til þess fyrir hendi samkvæmt 65. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944, þar sem kærðu eru grunaðir um háttsemi, sem getur varðað þá fangelsisrefsingu samkvæmt XXVI. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Ákveðst gæzluvarðhaldstíminn allt að 30 dögum.

Úrskurðarorð:

Jóhann Bragi Friðbjarnarson og Óskar Elías Héðinn Guðmundsson skulu sæta gæzluvarðhaldi allt að 30 dögum.

Föstudaginn 22. júní 1973.

Nr. 118/1972: **Fjármálaráðherra og
Samgönguráðherra f. h. ríkissjóðs**
(Jón E. Ragnarsson hrl.)
gegn
Gunnlaugi Sigurðssyni
og gagnsök.
(Jónas A. Aðalsteinsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Bifreiðar. Skaðabætur. Ábyrgð Vegagerðar ríkisins. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar:

Aðaláfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 21. september 1972. Krefst hann sýknu af öllum kröfum gagnáfrýjanda og málskostnaðar úr hans hendi bæði í héraði og fyrir Hæstarétti. .

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 25. september 1972. Krefst hann þess, að dæmt verði, að aðal-